

29.06.2009

Tilmæli Kauphallarinnar varðandi réttinda- og réttindaleysisdag skuldabréfa

Einhlít regla meðal útgefenda varðandi tímasetningu álesturs eigendaskráningar hjá verðbréfamiðstöð til ákvörðunar réttinda er æskileg enda auðveldar hún markaðsaðilum að verðleggja skuldabréf næst gjalddaga vaxta og afborgana. Slíka samræmda reglu varðandi réttinda- (e. record date) og réttindaleysisdag (e. ex-date) skuldabréfa hefur vantað á íslenska markaðnum og getur það valdið óþarfa óvissu um hvort kaupandi eða seljandi eignist eða haldi réttinum.

Kauphöllin hefur ákveðið, að undangengnu umsagnarferli, að mælast til þess við markaðsaðila og útgefendur skráðra skuldabréfa að ákvörðun réttindadags fylgi tilmælum þessum. Vinsamlegast hafið samband við viðskiptasvið Kauphallarinnar (floor.ice@nasdaqomx.com, s. 525-2850) sé frekari upplýsinga óskað.

Tilmælin taka gildi frá og með 29 júní 2009.¹

Tilmæli: Réttindi ákvarðast miðað við eigendaskráningu einum bankadegi fyrir greiðsludag vaxta og afborgana

Kauphöllin mælist til þess að réttindadagur skuli vera einum bankadegi fyrir greiðsludag vaxta og afborgana og að réttindin ákvarðist af eigendaskráningu hjá verðbréfamiðstöð að loknu síðasta reglubundna uppgjöri hjá henni á þeim degi.² Með þessum hætti fylgja réttindi til uppsafnaðra vaxta og afborgana með í viðskiptum sem gera á upp eigi síðar en einum bankadegi fyrir greiðsludag vaxta og afborgana. Réttindin fylgja því ekki með í viðskiptum sem gera á upp á greiðsludeginum sjálfum. Þar sem réttindadagur er einum bankadegi fyrir greiðsludag þá myndast ekkert réttindaleysis tímabil (e. ex-dividend period). Á helstu mörkuðum með skuldabréf er þessi venja algeng líkt og taflan hér að neðan sýnir.

Tafla 1. Skipan réttindaleysis tímabils á skuldabréfum valdra ríkja

Land	Réttindaleysis tímabil
Austurríki	Nei
Ástralía	Já
Bandaríkin	Nei
Belgía	Nei
Bretland	Já
Danmörk	Já
Finnland	Nei
Frakkland	Nei
Grikkland	Nei
Írland	Nei
Ítalía	Nei
Kanada	Nei
Noregur	Já

¹ Við gildistöku falla úr gildi samnefnd tilmæli Kauphallarinnar varðandi réttinda- og réttindaleysisdag skuldabréfa sem tóku gildi 1. mars 2009.

² Tímasetning og dagleg tíðni uppgjors er mismunandi eftir verðbréfamiðstöðvum. Hjá Verðbréfaskráningu Íslands fer nú fram eitt uppgjör á hverjum degi kl. 9 að morgni en fyrirkomulagið kann að verða annað í framtíðinni.

Nýja-Sjáland	Já
Spánn	Nei
Sviss	Nei
Svíþjóð	Já
Þýskaland	Nei

Heimildir:

Bloomberg

Clearstream Banking

Moorad Choudry, *The bond & Money Markets, Strategy, Trading, Analysis* (Oxford: Butterworth Heinemann 2006).